

Lög

um breyting á lögum um leigubifreiðar, nr. 61/1995.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Inngangsmálsliður greinarinnar orðast svo: Þeir einir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum mega aka fólksbifreið í leiguakstri.
2. tölul. orðast svo: hafa ekki verið dæmdir til óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða varðhalds; ef meira en fimm ár eru liðin frá uppkvaðningu dómsins og dómurinn hefur ekki kveðið á um lengra en fjögurra mánaða fangelsi eða varðhaldsvist telst brotið fyrnt í skilningi laganna nema um sé að ræða kynferðisbrot eða að viðkomandi hafi verið dæmdur fyrir kynferðislegt ofbeldi; brotið telst þó ætíð fyrnt ef viðkomandi hefur fengið uppreist æru.
3. tölul. orðast svo: hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu sem felst í því að vera fjár síns ráðandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 2. júní 1998.